

13. OKTÓBER
2022

HARPA
ELDBORG

Nýtt og norrænt

TÓNLEIKAR Á
NORRÆNUM MÚSÍKDÖGUM



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

The Ring of Fire and Love 9'

Zurvæn 13'

Segel 13'

Grisaille 15'

Ärr 16'

Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Norrænna músikdaga 2022.



Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Nýtt og norrænt

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Anna-Maria Helsing

Hljómsveitarstjóri

Outi Tarkiainen

The Ring of Fire and Love (2021)

Idin Samimi Mofakham

Zurvān (2014, endurskoðað 2018)

Lisa Streich

Segel (2017)

Hlé

Gunnar Karel Másson

Grisaille (2022, heimsfrumflutningur)

Jesper Nordin

Ärr (2014)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Anna-Maria Helsing

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Anna-Maria Helsing hóf feril sinn sem fiðluleikari en lagði síðar stund á hljómsveitarstjórn við Sibeliusakademíuna í Helsinki undir leiðsögn Leifs Segerstam. Hún hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum í Finnlandi og var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu á árunum 2010–13. Hún kemur reglulega fram með öðrum hljómsveitum á Norðurlöndum, svo sem Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi og sinfóníuhljómsveitunum í Gautaborg og Þrándheimi. Auk þess hefur hún stjórnað tveimur af hljómsveitum Breska ríkisútvarpsins (BBC) og gegnt stöðu aðalgestastjórnanda BBC Concert Orchestra frá 2020. Á vordögum mun Helsing þreyta frumraun sína með Sinfóníuhljómsveitunum í Barcelona, Álaborg og Lahti.

Anna-Maria Helsing hefur einnig getið sér gott orð fyrir óperuflutning, bæði eldri verka og nýrra. Fyrsta verkefni hennar á því sviði var árið 2008 þegar hún stjórnaði óperunni *Adriana Mater* eftir Kaiju Saariaho í Finnsku þjóðaróperunni. Hún stýrði frumuppfærslu á óperu Karólínu Eiríksdóttur, *Magnus Maria*, sem sýnd var víða á Norðurlöndum á árunum 2014–16, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík.

Helsing stjórnaði frumflutningi dansverksins *AIÖN* eftir Ernu Ómarsdóttur og Önnu Þorvaldsdóttur á Point-tónlistarhátíðinni í Gautaborg vorið 2019 og í Hörpu í októbermánuði 2021 en *AIÖN* er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg. Anna-Maria Helsing leggur sérstaka rækt við nýja tónlist og hefur hlotið verðskuldaðar viðurkenningar fyrir það. Árið 1999 vann hún til fyrstu verðlauna í alþjóðlegri keppni 20. aldar tónlistar fyrir unga listamenn í Varsjá og árið 2011 hlaut hún Louis Spohr-verðlaunin í Braunschweig, fyrst hljómsveitarstjóra, en þau eru veitt tónlistarmönnum sem ryðja nýrri tónlist braut og kynna hana ungu fólki.

Anna-Maria Helsing hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands margsinnis með góðum árangri þar sem ný tónlist er oftan en ekki leiðarstef.



Outi Tarkiainen

THE RING OF FIRE AND LOVE

Tónlistin á Íslandi

Þetta er frumflutningur verksins The Ring of Fire and Love á Íslandi en Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður flutt verk eftir Outi Tarkiainen, í febrúar 2021 þegar Songs of the Ice var á dagskrá sveitarinnar.

Outi Tarkiainen (1985) er fædd og uppalin í Rovaniemi í Lapplandi, rétt fyrir sunnan norðurheimskautsbaug en þar er hún nú búsett ásamt fjölskyldu sinni á milli þess sem hún ferðast um heiminn til að fylgja tónlist sinni eftir. Sjálf er hún ekki af samískum uppruna en brothætt frumbyggjamenning og tunga Sama hefur haft djúpstæð áhrif á hana sem og náttúruferið við heimskautsbaug, hrjóstrug víðerni, hreindýrahjarðir og dansandi norðurljós. Í tónlist hennar má finna ævintýralega litadýrð, næmi fyrir áferð og hljómunum, ljósum og skuggum, tengingar í goðsögur, trú og náttúru en sjálf hefur hún sagt að hún trúi á umbreytingarafl tónlistarinnar sem geti skekið og mótað líkt og náttúruöflin.

Tarkiainen hefur fengist við tónsköpun frá unga aldri, lærði að skrifa nótur áður en hún fór að draga til stafs og strax á unglingsárum var ljóst að hún ætlaði að leggja tónsmíðar fyrir sig. Hún nam við Sibeliusarakademíuna, Háskólann í Miami og við Guildhall School of Music and Drama og hefur samið tónlist fyrir alls kyns hljóðfærasamsetningar og flytjendur; stórsveitir, sönguraddir, einleikshljóðfæri, kammersveitir og sinfóníuhljómsveitir en á meðal hljóm-sveita sem hafa pantað verk af Tarkiainen eru Fílharmóníu-sveit BBC, Sinfóníuhljómsveitin í San Fransisco og Finniska útvarpshljómsveitin. Árið 2018 hlaut hún tilnefningu til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs fyrir saxófónkonsertinn Saivo, kraftmikið og tindrandi hljóðævintýri svo vísað sé í umsögn dómnefndar en verkið var samið fyrir Tapiola Sinfonietta og finnska saxófónleikarann Jukka Perko, einn af fremstu jazzsendiherrum Finna. Í tónmáli Tarkiainen má greina þræði úr ólíkum áttum; þegar hún er spurð um áhrifavalda tiltekur hún þó sérstaklega tvo brautryðjendur sem hafa opnað dyr að heimum sem einu sinni voru konum lokaðar, finnska tónskáldið Kaiju Saariaho og bandaríska tónskáldið og stórsveitarstjórnandann Mariu Schneider.

Hljómsveitarverkið *The Ring of Fire and Love* var frumflutt árið 2021 af Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Sakari Oramo. Verkið býr yfir nær öfgafengnum andstæðum og krafti enda hverfist það um náttúruhamfarir í ýmsum skilningi. *The Ring of Fire* eða eldhringurinn hefur margræða merkingu, getur vísað í eldhringinn sem umlykur sólina við sólmyrkva, til samnefnds eldfjallasvæðis á Kyrrahafshrygg sem er eldvirkasta svæði veraldar og til fæðingareynslu konu; *The Ring of Fire* er hugtak sem er notað um þá yfirþyrmandi tilfinningu sem getur altekið konu í fæðingu.

The Ring of Fire and Love er tengt þremur öðrum verkum Tarkiainen sem hverfast einum þræði um reynsluheim kvenna. Hljómsveitarverkið *Midnight Sun Variations* var frumflutt af Fílharmóníusveit BBC á Proms-tónlistarhátíð breska ríkisútvarpsins árið 2019 og systurverkið *Songs of the Ice* var frumflutt af Útvarpshljómsveitinni í Finnlandi það sama ár. Yngst í þessari röð er fyrsta ópera tónskáldsins til þessa, *A Room of One's Own* eða Sérherbergi sem byggir á samnefndri tímamótaritgerð Virginíu Woolf frá 1929 en óperan var frumsýnd í Hagen í Þýskalandi í maí síðastliðnum og hlaut frábærar viðtökur.



Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem tónlist eftir Idin Samimi Mofakham er flutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Idin Samimi Mofakham

ZURVĀN

Idin Samimi Mofakham (1982) er fæddur og uppalinn í Teheran í Íran en er nú búsettur í Osló í Noregi þar sem hann hefur stundað doktorsnám í tónsmíðum frá 2019. Hann hóf tónlistarferilinn sem gítarleikari, útskrifaðist með BA-gráðu í klassískum gítarleik árið 2005 og stofnaði á sama tíma skammlíft tilraunaband sem bar heitið Mígreni og naut talsverðra vinsælda í íranskri neðanjarðarsenu. Hann hóf tónsmíðanám í Teheran árið 2005, útskrifaðist með mastersgráðu sex árum síðar og hefur aukinheldur sótt fjölmarga masterklassa hjá tónskáldum svo sem Beat Furrer, Alvin Lucier, Philip Glass, Christian Wolff og Peter Ablinger.

Mofakham hefur unnið til verðlauna fyrir tónlist sína í Íran, verið staðartónskáld á tónlistarhátíðum í Austurríki, Belgíu, Tékklandi, Bandaríkjunum og víðar og stutt af krafti við uppbyggingu tónlistarnáms í Íran. Verk hans hafa verið flutt af tónlistarhópum á borð við Klangforum Wien, Omnibus Ensemble og Saxófónkvartett Stokkhólms; hann hefur unnið til verðlauna og viðurkenninga fyrir tónlist sína í Íran og hlotið tilnefningar til tónlistarverðlauna fyrir plötur sínar. Mofakham er stofnandi dúettsins SpectreDuo ásamt eiginkonu sinni, hinni pólsku Martynu Kosecka en saman standa þau einnig að tónlistarmiðstöðinni Spectro Center for New Music.

Hann hefur þróað einstakan hljóðheim þar sem á ferskan og nýstárlegan hátt er byggt á írönskum tónlistarhefðum, tóntegundum, míkrótónum og blæbrigðum en doktorsverkefni hans hverfist um samþættingu persneskra og vest-rænna tónlistarhefða. Þar hefur hann rannsakað skrif og tóntegundakerfi persneskra fræðimanna frá miðöldum en jafnframt hefur hann lagt sig eftir rannsóknum á sálfræðilegri skynjun á hljóði sem hreyfiafli og drifkrafti.

Hljómsveitarverkið Zurvān er tónaljóð í einum þætti fyrir stóra hljómsveit en titillinn og kveikjuna að verkinu er að

finna í fornri persneskri goðsögu. Þar segir frá persneska guðinum Zurvān sem ríkti í upphafi alls. Zurvān þráði að geta son sem myndi geta skapað himin, jörð og allt þar á milli og færði í því skyni linnulausar fórnir til að óskin myndi rætast. Þegar fórnarathafnirnar höfðu engan ávöxt borið eftir þúsund ár varð guðinn gripinn efasemdum í augnablik og láí honum hver sem vill, en við það varð hann þungaður af tvíburum: Ohrmazd hinum ljósa sem var ávöxtur fórnanna og Ahriman hinum dökka sem efasemdirnar gátu af sér. Zurvān hét því að gera þann sem fyrr kæmi í heiminn að konungi og þegar hinn klóki og forsjáli Ahriman heyrði það rauf hann gat á kvið föður síns til að hreppa konungdæmið. Hann fékk sínu framgengt í rétt níu þúsund ár en eftir það tók Ohrmazd við konungdæminu og skapaði himin og jörð og allt það fagra og góða á meðan Ahriman hinn dökki skóp djöfla og drýsla, myrkur og illsku.



Lisa Streich

SEGEL

Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem tónlist Lisu Streich hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Lisa Streich er fædd árið 1985 í Svíþjóð og hefur á undanförnum árum skipað sér í hóp eftirsóttustu tónskálda Norðurlandanna af yngri kynslóð. Hún lærði fiðluleik, píanó- og orgelleik og hafði ekki áform um að leggja tónsmíðar fyrir sig fyrr en nítján ára gömul á örlagaríkm tónleikum í Berlín. Þá heyrði hún í fyrsta sinn flutt opinberlega verk eftir konu, enska tónskáldið Rebecca Saunders en í kjölfarið var teningunum kastað og heimur sem hafði verið henni lokaður opnaðist. Lisa Streich stundaði nám í tónsmíðum í Berlín, Stokkhólmi, Salzburg, París og Köln og hefur á undanförnum árum hlotið fjölda viðurkenninga og verðlaun fyrir tónlist sína. Má þar nefna styrk kenndan við Bernd Alois Zimmermann, Ernst von Siemens-tónskálda-verðlaunin og Heidelberg-verðlaunin fyrir konur í listum.

Á verkalista Lisu Streich eru tónsmíðar fyrir alls kyns hljóðfærasamsetningar og hljóðgjafa, kóra, barokksveitir, slagverkshópa, einleikshljóðfæri og sífóníuhljómsveitir, hversdagslegt smádót og umbreytt hljóðfæri af öllu tagi. Hún er heilluð af leiknum í tónlistinni, snýr á væntingar áheyrenda með því að bjaga hljóðheim, notast við óhefðbundnar tónstillingar og þenur út tónsvið með heimasmiðuðum tækjum og tólum. Á meðal hljómsveita og tónlistarhópa sem hafa pantað verk af henni má nefna Berlínarfílharmóníuna, Ensemble Intercontemporain, Fílharmóníusveitina í Köln, Collegium Novum í Zürich, allar helstu sífóníuhljómsveitir í Svíþjóð og norður-þýsku útvarpshljómsveitina í Elbfilharmonie.

Segel – eða Segl – grípur hlustandann heljartaki strax frá upphafi. Fimm slagverksleikarar dreifa sér um sviðið samkvæmt ákveðnum fyrirmælum; framkalla svipuhögg sem er svarað með hálfkæfðum míkrótónum og söngli. Verkið er brotkennt og ólgar af undirliggjandi spennu sem brýst af og til upp á yfirborðið en Segel var frumflutt af hljómsveitarakademíu tónlistarhátíðarinnar í Luzern í Sviss

sumarið 2017 og hefur í kjölfarið verið flutt af fjölda hljómsveita.

Hreyfingar hljóðs og hljóðfæraleikara eru tónskáldinu hugleiknar í verkinu, slagverksleikarar mynda hálfhring utan um hljómsveitina og hljóðið berst frá einum væng til annars líkt og vindur sem knýr seglskipið áfram, hljómsveitin umbreytist í risastórt segl sem þenst út og dregst saman eftir bendingu hljómsveitarstjórans. Verkið er leikið í einni samfellu en greinist innan hennar í smærri einingar, hver og ein ber heiti eða kveikju sem tengja má trú og náttúru, kaflaheiti á borð við kross, þrenningu og vængjaðar verur.

Tónsmíðaaðferðin að baki verkinu er áhugaverð; Lisa Streich fór í gegnum upptökur með trúarlegri söngtónlist svo sem gregorssöng, tónlist Hildegard von Bingen og sálum rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. Þessar söngupptökur braut hún niður í frumeindir sínar og greindi með aðferðum spektraltónlistar svo úr varð hljómræn grind verksins þar sem míkrótónar gegna lykilhlutverki. Upptökurnar eru fyrst og fremst með áhugamannakórum, ekki menntuðu söngfólki, enda tónskáldið heillað af hinu brothætta og ófullkomna, því bjagaða og sérstæða sem snýr rækilega upp á hugmyndina um hvernig hinn hreini og veltempraði tónn eigi að hljóma.



Gunnar Karel Másson

GRISAILLE

Gunnar Karel Másson er fæddur árið 1984. Hann lauk B.A.-gráðu í tónsmíðum árið 2010 frá Listaháskóla Íslands, mastersgráðu frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2012 og diplómu frá sama skóla árið 2014. Tónsmíðakennarar hans voru Tryggvi M. Baldvinsson, Úlfar Ingi Haraldsson, Bent Sørensen, Hans Abrahamsen, Jeppe Just Christensen, Niels Rosing Schow og Juliana Hodkinson. Hann hefur samið kammertónlist og tónlist fyrir fjölda leiksýninga hér heima og erlendis auk þess sem hann hefur starfað sem listrænn stjórnandi. Gunnar er meðlimur í DKF, leikhópnum 16 elskendur og S.L.Á.T.U.R.

Grisaille var pantað af Norrænum músíkdögum 2022 sem fram fara á Íslandi um þessar mundir, með styrk frá Tónskáldasjóði RÚV og STEFs. Um hljómsveitarverk sitt skrifar Gunnar:

„Innblásturinn að verkinu er fenginn að miklu leyti frá tableaux vivant, þar sem allegoríur og heimsfræg málverk eru sviðsett við tónlistarundirleik og er jafnan fleiri en ein mynd sviðsett á þennan hátt svo að myndist ein heild. Í þeim tilvikum sem þessar sviðsetningar voru gerðar í búningum sem voru í mismunandi gráum litum voru þau nefnd tableaux grisaille, og voru ljós og skuggar í aðalhlutverki í þeim sviðsetningum. Þessi nálgun var einnig notuð í málalolistinni þar sem ýmis málverk voru einnig sett í þennan mónókróm búning til þess að draga enn betur fram andstæður skugga og ljóss.

Í mínum huga eru þessi verk lýsandi að sumu leyti fyrir þá list sem er framin í samhengi sínfóníuhljómsveitarinnar, ljós og myrkur, skýrleiki og hula. Því í þeim verkum sem eru samin fyrir hljómsveit, og er Grisaille ekki undanskilið, eru litirnir oft af skornum skammti, og þá einnig meðhöndlun þessara lita. Með því að ýkja þessar takmarkanir í litavali, myndast einhverskonar stillur, eða tableaux, þar sem

Tónlistin á Íslandi

Um er að ræða heimsfrumflutning á Grisaille, en verk Gunnars Karels, Brim, var frumflutt af Sínfóníuhljómsveit Íslands árið 2016 í tengslum við tónskáldastofuna Yrkju.

einróma raddir ráða ríkjum og einstaka lagrænar hreyfingar eiga sér stað þegar leikendur á sviðinu hreyfa sig frá einni mynd, eða allegoríu, til annarrar.

Önnur tilfinning sem ég lýsi í verkinu, er grámyglulegur hversdagsleiki, þar sem við erum föst í einhverskonar limbói hefða og venja og vitum ekki hvaða leið er út úr því hylidypi sem lífið á 21. öld er. Þar sem allt sem við gerum hefur engan tilgang, en er um leið það merkilegasta og mikilvægasta verk sem við munum nokkurn tímann fást við. Því í því stutta lífskeiði sem okkur er úthlutað skiptir mestu máli hvað við gerum, en ekki nauðsynlega hvað við segjum. Getur risi eins og símfóníuhljómsveitin hvíslað eins og gola í laufkrónum á blíðu haustkvöldi, eða er hún dæmd til þess að þramma um hálendið eins og jötunn rekinn í útleð af þrumuguðinum Þór?“



Tónlistin á Íslandi

Þetta er frumflutningur verksins á Íslandi og í fyrsta sinn sem tónlist Jesper Nordin er flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Jesper Nordin

ÁRR

Jesper Nordin er fæddur árið 1971 í Stokkhólmi og nýtur mikillar velgengni á alþjóðavettvangi. Hann nam tónsmíðar í Stokkhólmi hjá Pär Lindgren, Bent Sørensen og William Brunson, síðar hjá Philippe Leroux við IRCAM í París og hjá Brian Ferneyhough við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum. Tónlist Jesper Nordin er kraftmikil og tilfinningaþrungin en í henni má finna áhrif úr ýmsum áttum, frá sænskri þjóðlagatónlist, rokkatónlist og spunatónlist. Á meðal hljómsveitarstjóra sem hafa stýrt verkum hans má nefna Esa-Pekka Salonen, Daniel Harding og Kent Nagano og á meðal hljómsveita sem hafa flutt verk hans eru Fílharmoníusveit franska útvarpsins, Sinfóníuhljómsveitin í Basel, Konunglega fílharmoníusveitin í Stokkhólmi og útvarps-hljómsveitir Svíþjóðar og Finnlands. Jesper Nordin hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir tónlist sína sem hefur verið flutt á tónlistarhátíðum um allan heim. Hann hefur samið tónlist fyrir alls kyns hljóðfærasetningar og elektróník og hefur jafnframt á undanförunum árum getið sér gott orð fyrir þróun snjallhljóðfæra; hann er höfundur hljóðfærisins Gestrument sem tónlistarmenn um um víða veröld þekkja.

Árr – eða Ör – byggir á tónlist sænsku metalhljómsveitarinnar Meshuggah, nánar tiltekið á laginu Bleed og flóknum og ágengnum taktvefnaði þess. Lagið kom út árið 2008 á plötunni obZen sem var sjötta breiðskífa sveitarinnar og fékk Jesper Nordin góðfúslegt leyfi hljómsveitarmeðlima til að nýta sér efniviðinn í hljómsveitarverk sitt.

Árr er raunar hluti af hljómsveitarþrífleik Nordin en verkin þrjú hverfast öll um sænskan tónlistararf og sögu, þungarokk, þjóðlagatónlist og klassískan óperusöng. Elst er hljómsveitarverkið Ákallan (2013) sem byggir á tónlist sænsku þjóðlagasveitarinnar Kulning og yngst er Öde (2015) sem byggir á upptökum með sænskum óperusöngvurum, allt frá Jussi Björling og Birgit Nilsson til

samtímans. Verkin eru samin að beiðni þriggja stórra sænskra sinfóníuhljómsveita sem frumfluttu tónsmíðarnar á árunum 2013 til 2015 en hljómsveitirnar eru Sinfóníuhljómsveitin í Gautaborg, Sænska útvarpshljómsveitin og Konunglega fílharmóníusveitin í Stokkhólmi. Síðastnefnda hljómsveitin frumflutti Árr í apríl 2014 undir stjórn Baldurs Brönnimann við dynjandi undirtektir tónleikagesta.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
BRASSERIE & BAR



satt

SLIPPBARINN

Á döfinni

03.11 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Lisiecki spilar Chopin

Pólski hljómsveitarstjórinn Bohdan Wodiczko, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 1965-68, var einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem auðguðu íslenskt tónlistarlíf svo um munar. Tónleikar SÍ þann 3. nóvember eru haldnir til heiðurs Wodiczko. Þar kemur fram undir stjórn Evu Ollikainen einn eftirsóttasti píanóleikari heims, hinn pólsk-kanadíski Jan Lisiecki, og leikur píanókoncert nr. 1 eftir Chopin. Á meðal annarra verka á efnisskránni er Adagio fyrir strengi eftir Jón Nordal, sem Wodiczko frumflutti ásamt SÍ.

10.11 FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00



Tónelskir töfrar

Galdrar og töfrar eru í aðalhlutverki á þessum klukkustundarlöngu tónleikum í Grænu röðinni hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hefjast á forleiknum að óperu Mozarts, *Töfraflautunni*. Meðal annarra verka á tónleikunum eru hið vinsæla og töfrum slungna *Sígaunaljóð* spænska tónskáldsins Pablos de Sarasate, en meðal þekktustu stefja verksins er laglínan sem Íslendingar þekkja vel undir nafninu *Til eru fræ*, og *Lærisveinn galdrameistarans* eftir Paul Dukas sem margir kannast við úr Disney-teiknimyndinni *Fantasíu*.

Á döfinni

26.01.23 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30



Flekaskil

Hinir árlegu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir merkjum tónlistarhátíðarinnar Myrkra músikdaga í byrjun næsta árs eru langbráðir í þetta skiptið, enda setti heimsfaraldur strík í reikninginn síðustu tvö árin. Fimm glæsileg og gagnólík verk eru á efnisskránni; verk Hauks Tómassonar, *It Relaxes Me*, *the Repetition*, *Pons Papilloma* eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur og *Capriccio* eftir Áskel Másson, sem samið er fyrir darabuka, bikartrommu ættaða frá Tyrklandi og Austurlöndum nær, og bregður tónskáldið sér sjálft í hlutverk einleikarans á tónleikunum. Einnig hljómar verk Gunnars Andreasar Kristinssonar, *Flekar*, og *Mar* eftir Kjartan Ólafsson, sem er tileinkað minningu finnska tónskáldsins Einojuhani Rautavaara. Hljómsveitarstjóri er Nathanael Iselin.

27.01.23 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 12:15



Hringla

Á þessum hádegistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músikdögum hljóma verk eftir Bárú Gísladóttur, en Bárú hefur vakið verulega athygli undanfarin ár fyrir frumlegar tónsmíðar sínar og hlotið fjölda viðurkenninga. Hugmyndin að verkinu *VAPE* spratt út frá árás sem fimm menn gerðu með taugagasinu sarin í neðanjarðarlestarferfi Tókýó-borgar árið 1995, og er hljómsveitinni skipt í fimm hópa. *Hringla* er verk fyrir hljómsveit, rafmagnaðan kontrabassa og rafhljóð sem Bárú frumflutti sjálf ásamt Filharmóníusveit Kaupmannahafnar í febrúar 2022, sem nýr vinningshafi Gladsaxe-tónlistarverðlaunanna. Upphafsværk tónleikanna er seiðandi kammerværk Bárú „*the worlds within our petty voids*“ frá 2019 fyrir flautu, óbó, fiðlu, víólu og selló.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Alexander Kagan
Gerður Gunnarsdóttir
Rannveig Marta Sarc
Zbigniew Dubik
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Joanna Bauer
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laura Liu
Sigrún Harðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Hrefna Berg Pétursdóttir
Matthías Stefánsson

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Jevgenija Frolova
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

Bassi

Xun Yang
Jakub Cywinski
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Sólveig Magnúsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Helga Björg Arnardóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Jeremy Bager
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Constantin Glaner

Trompet

Jóhann Nardeau
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó / Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnisdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs- og tækniamaður



*Kvika eignastýring veitir albliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring